


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	SAGA2SÍ05	
	Námsáætlun Vorönn 2017	

Kennari	Þröstur Ásmundsson	Sk.st.	ÞRÁ
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Þessi áfangi spannar það skeið sem kennt er við nútíma, frá frönsku byltingunni til líðandi stundar. Þetta eru tímar tæknibreytinga, hugsjóna og hagsmuna sem hafa leitt til kjarabóta, velmegunar og menningarauka en einnig stórstyrjalda og hörmunga á 20. öld. Í áfanganum verða teknir til umfjöllunar nokkrir valdir efnisflokkar, t.d. hversdagslíf og hugmyndastefnur á 19. öld, tilraunir manna til að breyta heiminum og lífsskilyrðum sínum til hins betra. Áhersla á að tengja námsefnið reynsluheimi nemanda og auka víðsýni hans.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- tímabilaskiptingu menningarsögunnar frá upphafi til nútímans
- helstu hugtökum og persónum sem tengjast þeim viðfangsefnum sem fjallað verður um í áfanganum
- tegundum heimilda og helstu vinnubrögðum við heimildaleit og heimildanotkun
- samhengi sögunnar og hvernig fortíðin birtist okkur og lifir í nútíðinni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með heimildir
- tjá sig um viðfangsefni menningarsögunnar
- vinna jafnt sjálfstætt og með öðrum að viðfangsefnum
- nota ólík miðlunarform til að koma þekkingu sinni á framfæri

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta söguleg fyrirbæri út frá forsendum hvers tíma og sjá tengsl þeirra við nútímann
- tjá sig um menningarsöguleg álitamál
- deila þekkingu sinni með öðrum
- sýna frumkvæði og skapandi hugsun
- beita gagnrýninni hugsun á viðfangsefni sögunnar

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		
SAGA2SÍ05		
Námsáætlun Vorönn 2017		

Námsgögn:

Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson: Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árpúsundamóta. Mál og menning. Reykjavík 2006.

Sýnd verða myndbönd, einkum úr sögu 20. aldar. Ýmislegt annað ítarefni verður kynnt í tímum

Áætlun um yfirferð og verkefni:

1-4. vika: Draumur um betra líf. Kaflar 1 til 9 – **Eftirmálar frönsku byltingarinnar**. Hópverkefni 1 og Moodlepróf.

5-8. vika: Nýir hugmyndastraumar á Íslandi. Kaflar 1 til 14 – **Sjálfstæðisbaráttan á Íslandi**. Heimildaverkefni.

9-12. vika: Tækninýngar til góðs og ills. Kaflar 1 til 12. **Iðnbyltingin og samfélagslegar og pólitískar breytingar sem af henni leiddu**. Hópverkefni 2.

13-18. vika(15. vika er páskafrí): Kapítalisminn í kreppu og stríði; Ísland og umheimurinn. Hópverkefni 3. Kynningar á verkefnum.


Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Annarpróf	Skriflegt lokapróf. Nemendur verða að fá 4 til að vetrarvinna komi til einkunnar		50%
Moodlepróf	Próf úr 1. þema		10%
3 hópverkefni	Hvert verkefni gildir 10%		30%
Heimildaverkefni	Sjálfstæðisbaráttan á Íslandi		10%

Athugið að kynna ykkur reglur um verkefnaskil sem fylgja þessari áætlun. Moodle-kennsluvefurinn er notaður í þessum áfanga.

Með óskum um gott gengi.

Dagsetning:

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	SAGA2SÍ05	
	Námsáætlun Vorönn 2017	

Jóhanna Árn.
 Undirritun kennara

Þorsteinn Krüger 4/1/17
 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils